


# SIÐAREGLUR

# ICOM

## FYRIR SÖFN



©

Íslandsdeild ICOM, 2015

Þessi útgáfa byggir á þýðingu Jóns Proppé úr ensku frá árinu 2005, yfirfarin og staðfest af Elísu Björgu Þorsteinsdóttur, löggiltum skjalabýðanda.

Borgarsögusafn og Gerðarsafn-Listasafn  
Kópavogs fá þakkir fyrir að leggja til myndefni og höfundur listaverksins á bls. 17 er Habbý Osk

**Prentun**

Prentmet

**Hönnun**

Árman Agnarsson  
Hrefna Sigurðardóttir

**Útgefandi**

Íslandsdeild ICOM,  
desember 2015

International Council of Museums (ICOM)  
Maison de l'UNESCO  
1, rue Miollis 75732 Paris cedex 15 - France  
Telephone: +33 (0) 1 47 34 05 00  
Fax: +33 (0) 1 4 3 06 7 8 62  
Email: [secretariat@icom.museum](mailto:secretariat@icom.museum)  
Website: <http://icom.museum>

Siðareglur ICOM fyrir söfn / ICOM Code of Ethics for Museum, eru grundvöllur samtakanna. Í reglum þessum er kveðið á um lágmarksstaðal fyrir starfsemi og starfshætti safna og starfsliðs þeirra. Með inngöngu í samtökin gangast félagar ICOM við að fara eftir siðareglum þessum.

Mál sem kunna að eiga erindi við Siðareglunefnd ICOM má senda formanni hennar á netfangið [ethics@icom.museum](mailto:ethics@icom.museum)

Starfssiðareglur ICOM voru samþykktar einróma á 15. allsherjarþingi ICOM í Buenos Aires í Argentínu 4. nóvember 1986. Á 20. allsherjarþingi samtakanna í Barcelona á Spáni 6. júlí 2001 voru samþykktar á þeim breytingar og titlinum breytt í Siðareglur ICOM fyrir söfn. Reglurnar voru enn endurskoðaðar og nógildandi útgáfa samþykkt á allsherjarþingi ICOM í Seoul í Suður-Kóreu 8. október 2004.

# FORMÁLI

## Aðfaraorð frá stjórn Íslandsdeildar ICOM

ICOM stendur fyrir International Council Of Museum eða Alþjóða ráð safna. Það er samstarfsvettvangur safna og fagfólks safna, sem vinnur að því að varðveita, viðhalda og miðla til alþjóðasamfélagsins náttúru- og menningararfleið heimsins, huglægri sem hlutlægri, í samtíð sem framtíð. ICOM eru frjáls félagasamtök sem hafa komið á fót faglegum viðmiðum og siðareglum fyrir safnastarfsemi, stuðlað að þjálfun og þekkingarsköpun, tekið á málefnum og aukið menningarvitund almennings í gegnum alþjóðleg tengslanet og samstarf.

Samtökin telja yfir 35.000 félaga sem koma frá 136 löndum. Samtökin starfa í þjóðdeildum svo sem Íslandsdeild ICOM en einnig í fjölmörgum alþjóðadeildum sem hver um sig einbeitir sér að ákveðnum efnisþáttum í starfsemi safna svo sem rekstri, skráningu safngripa, safnfræðslu, kynningar- og öryggismálum eða siðferðislegum málefnum. Alþjóðadeildirnar halda árlega fundi og þriðja hvert ár eru haldin allsherjarþing þar sem saman koma safnmenn víðsvegar að úr heiminum.

Íslandsdeild ICOM var stofnuð árið 1985 og eru félagar hennar í dag sjötíu og níu einstaklingar og fjögur söfn. Stjórnarmeðlimir hafa á hverju ári tekið þátt í fundum samtakana í París en þar eru höfuðstöðvar ICOM, nátengdar menningarmála- stofnun Sameinuðu þjóðanna UNESCO og er ICOM ráðgefandi fyrir hana. Stjórnarmeðlimir hafa einnig tekið þátt í árlegum fundum ICOM Nord, svæðissamtökum Norðurlandanna. Siðareglur ICOM eru gefnar út á, ensku, frönsku og spænsku, sem eru hin opinberu tungumál samtakana. Samkvæmt starfsviðmiðum ICOM kom stjórn Íslandsdeildar ICOM að þýðingu þeirra úr ensku yfir á íslensku í samvinnu við löggildan þýðanda, en einnig var stuðst við frönsku útgáfuna og stundum líka við þá þýsku og dönsku.

Stjórn skipa Kristín Dagmar Jóhannesdóttir formaður, Inga Jónsdóttir gjaldkeri, Guðbrandur Benediktsson ritari og Helga Lára Þorsteinsdóttir og Nathalie Jacqueminet, varamenn.

### **Siðareglur ICOM fyrir söfn: Staða**

Þessar siðareglur fyrir söfn eru teknar saman af ICOM og til þeirra er vísað í samþykktum ICOM. Reglurnar endurspeglu þau grundvallaratriði sem safnafólk um allan heim viðurkennir og vinnur eftir. Þeir sem eru félagar ICOM og greiða árgjald til samtakanna gangast með því undir siðareglur þessar.

### **Lágmarksstaðall fyrir söfn**

Í siðareglum ICOM er settur fram lágmarksstaðall fyrir söfn. Þar birtist listi grundvallaratriða sem studd eru leiðbeiningum um æskilega starfshætti safnafólks. Í sumum löndum eru ákveðnar lágmarkskröfur skilgreindar í lögum eða reglugerðum. Annars staðar kunna leiðbeiningar um lágmarkskröfur og mat á þeim að birtast í viðurkenningu eða öðrum sambærilegum matskerfum. Í þeim löndum þar sem engar slíkar köfur eru gerðar má nálgast aðstoð og leiðbeiningar frá miðstjórn ICOM, frá ICOM-deildinni í viðkomandi landi eða frá þeirri alþjóðanefnd ICOM sem málið kann að varða. Þess er ennfremur vænst að löndin hvert fyrir sig og samtök á sérsviðum sem varða safnarekstur noti þessar reglur og byggi á þeim við gerð frekari staðla.

### **Þýðingar á siðareglum ICOM**

*Siðareglur ICOM fyrir söfn* eru gefnar út á þremur opinberum tungumálum samtakanna; ensku, frönsku og spænsku. ICOM fagnar því verði reglurnar þýddar á fleiri tungumál. Þó mun ekki verða litið á slíkar þýðingar sem „staðfestar“ nema þær njóti samþykkis ICOM-deildar í a.m.k. einu landi þar sem viðkomandi tungumál er talað, helst sem móðurmál. Sé sama tungumál talað í fleiri en einu landi er æskilegast að samráð sé einnig haft við ICOM-deildir þeirra allra. Bent er á að ekki þarf aðeins fagþekkingu í safnastarfi við vinnu viðurkenndra þýðinga heldur einnig góða færni í meðferð tungumálsins. Taka skal fram úr hvaða máli er þýtt og nefna þær ICOM-deildir sem að þýðingunni komu. Þessi skilyrði banna þó ekki að reglurnar séu þýddar, að hluta eða í heild, til notkunar við kennslu eða rannsóknir.

---

# EFNISYFIRLIT

## SIÐAREGLUR ICOM

### FYRIR SÖFN

#### **1. SÖFN VARÐVEITA, TÚLKA OG KYNNA NÁTTÚR- LEGAN OG MENNINGARLEGAN ARF MANNKYNS**

- Staða stofnunar
- Aðstaða
- Fjármunir
- Starfsmannahald

#### **2. SÖFN VARÐVEITA SAFNEIGN Í ÞÁGU SAM- FÉLAGSINS OG TIL FRAMÞRÓUNAR ÞESS**

- Aðföng safna
- Grisjun
- Umsjón safngripa

#### **3. SÖFN GEYMA FRUMGÖGNIN SEM ÞARF TIL AÐ GRUNDVALLA ÞEKINGU OG BÆTA HANA**

- Frumgögn og heimildir
- Söfnun og rannsóknir á vegum safna

#### **4. SÖFN SKAPA TÆKIFÆRI TIL ÞESS AÐ AUKA VIRÐINGU FYRIR OG SKILNING Á NÁTTÚRU- OG MENNINGARARFLEIÐ OG STJÓRNUN HENNA**

- Fastasýningar, sérsýningar og sérstakir viðburðir
- Önnur miðlun

#### **5. SÖFN VARÐVEITA AUÐLINDIR SEM SKAPA TÆKI- FÆRI TIL ANNARRAR ÞJÓNUSTU OG GAGNSEMI FYRIR ALMENNING**

- Greining

#### **6. SÖFN EIGA NÁIÐ SAMSTARF VIÐ SAMFÉLAGIÐ SEM SAFNEIGN ÞEIRRA ER SPROTTIN ÚR OG VIÐ SAMFÉLAGIÐ SEM ÞAU SJÁLF ÞJÓNA**

- Uppruni safneignar
- Virðing fyrir því samfélagi sem safnið þjónar

#### **7. SÖFN FARA AÐ LÖGUM**

- Lagarammi

#### **8. SÖFN STARFA Á FAGLEGAN HÁTT**

- Fagleg vinnubrögð
- Hagsmunaárekstrar

---

# 1. SÖFN VARÐVEITA, TÚLKA OG KYNNA NÁTTÚRLEGAN OG MENNINGARLEGAN ARF MANNKYNS

## GRUNNHUGSUN

Söfn eru ábyrg fyrir ábreifanlegum og óábreifanlegum arfi, hvort sem um er að ræða náttúruarfleifð eða menningararfleifð. Stjórnunaraðilum og þeim sem vinna að stefnumótun og hafa eftirlit með söfnum ber öðru fremur skylda til að varðveita og kynna þessa arfleifð, sem og þá vinnu, aðstöðu og fjármuni sem lagðir hafa verið fram til starfsins.

---

## STAÐA STOFNUNAR

### 1.1 Skjalfest staða

Yfirstjórn safns skal tryggja að til sé útgefin stofnskrá, reglugerð eða önnur opinber skjöl í samræmi við landslög og að þar séu með skýrum hætti skilgreind lögformleg staða safnsins, hlutverk þess og traustur starfsgrundvöllur og staðfest að safnið sé ekki starfrækt í hagnaðarskyni.

### 1.2 Yfirlýsing um hlutverk, markmið og stefnu

Yfirstjórn safns skal semja og birta yfirlýsingu um hlutverk, markmið og stefnu safnsins og fylgja henni í starfi sínu. Yfirlýsingin skal jafnframt taka til hlutverks og skipunar yfirstjórnar.

## AÐSTAÐA

### 1.3 Starfsaðstaða

Yfirstjórn skal tryggja fullnægjandi húsakynni og starfsaðstöðu til að safnið geti uppfyllt þær starfsskyldur sem kveðið er á um í yfirlýsingu um hlutverk þess.

### 1.4 Aðgengi

Yfirstjórn skal tryggja að safnið og safneignin séu aðgengileg almenningi reglulega og á eðlilegum tíma. Sérstakan gaum ber að gefa aðgengi fólks með sérþarfir.

### 1.5 Heilbrigði og öryggi

Yfirstjórn skal tryggja að fylgt sé gildandi reglum sem lúta að heilsu starfsmanna og gesta, öryggi þeirra og aðgengi.

### 1.6 Varnir gegn hamförum

Yfirstjórn skal móta og framfylgja stefnu sem miðar að því að verja almenning og starfsfólk, safneign og önnur verðmæti safnsins ef hamfarir dynja yfir, hvort sem er af mannavöldum eða náttúrunnar.

### 1.7 Öryggiskröfur

Yfirstjórn skal tryggja að gerðar séu viðeigandi öryggisráðstafanir til að verja safneignina þjófnaði og skaða meðan hún er til sýnis, á vinnusvæði eða í geymslu, eða þegar verið er að flytja hana á milli staða.

### 1.8 Tryggingar og bætur

Séu tryggingar keyptar sérstaklega fyrir safneign skal yfirstjórn gæta þess að tryggingar séu fullnægjandi og nái yfir flutning og útlán gripa og aðra muni sem á hverjum tíma kunna að vera á ábyrgð safnsins. Þau söfn sem eru að lögum undanþegin tryggingarskyldu skulu ávallt gæta þess sérstaklega að hlutir sem ekki eru eign safnsins sjálfs séu fulltryggðir.

---

## FJÁRMUNIR

### 1.9 Fjármögnun

Yfirstjórn skal tryggja að nægir fjármunir séu fyrir hendi til að standa undir starfsemi safnsins og framþróun þess. Halda skal reiður á öllum fjármunum með faglegum hætti.

### 1.10 Stefnumið í tekjuöflun

Yfirstjórn skal hafa skjalfesta stefnu um það hvernig safnið getur aflað fjár með eigin starfsemi eða þegið frá utanaðkomandi. Hvaðan sem fjármagns er aflað skal safnið sjálft ráða bæði inntaki og framkvæmd starfsins sem þar fer fram, sýningum og öðrum viðburðum. Við fjáröflun skal þess gætt að slá hvergi af faglegum kröfum stofnunarinnar eða almennings (sjá 6.6).

## STARFSMANNAHALD

### 1.11 Starfsmannastefna

Yfirstjórn skal tryggja að allar ákvaðarnir um starfsmannahald séu teknar í samræmi við stefnu safnsins og með viðteknum löglegum hætti.

### 1.12 Ráðning forstöðumanns eða aðalstjórnanda

Forstöðumaður eða aðalstjórnandi safns gegnir lykilhlutverki og við ráðningu í slíka stöðu skal yfirstjórn hafa hliðsjón af þeirri þekkingu og þeim hæfileikum sem þörf er á til að sinna starfinu. Meðal hæfniskrafna þarf að vera krafan um fullnægjandi fagþekkingu, vitsmunalega færni og sterka siðferðisvitund.

### 1.13 Aðgangur að yfirstjórn

Forstöðumaður eða aðalstjórnandi skal bera beina ábyrgð gagnvart viðkomandi yfirstjórn eða stjórnun og jafnframt hafa fullan aðgang að þeim.

### 1.14 Hæfni starfsfólks

Nauðsynlegt er að ráða hæft starfsfólk sem hefur sérþekkingu til að valda allri ábyrgð sem á það er lögð. (Sjá einnig 2.19, 2.24, kafla 8).

### 1.15 Þjálfun starfsfólks

Sjá skal fyrir nægum tækifærum til sí- og endurmenntunar og faglegrar þróunar starfsfólksins svo tryggja megi skilvirkni í starfi.

### 1.16 Árekstrar um siðareglur

Yfirstjórn skal aldrei fara fram á að starfsfólk safns geri neitt það sem talið verður stríða gegn siðareglum þessum, landslögum eða siðareglum sérfræðinga sem í hlut kunna að eiga.

### 1.17 Starfsfólk safna og sjálfbóðaliðar

Yfirstjórn skal hafa skjalfestar reglur um störf sjálfbóðaliða og hvetja til jákvæðra samskipta milli sjálfbóðaliða og starfsfólks safna.

### 1.18 Sjálfbóðaliðar og siðareglurnar

Yfirstjórn skal tryggja að sjálfbóðaliðar þekki vel til siðareglna ICOM og annarra reglna og laga sem við kunna að eiga, bæði í starfi sínu fyrir safnið og utan þess.



---

## 2. SÖFN VARÐVEITA SAFNEIGN Í ÞÁGU SAMFÉLAGSINS OG TIL FRAMÞRÓUNAR ÞESS

### GRUNNHUGSUN

Söfnum ber að viðá að sér, varðveita og kynna safneign í þeim tilgangi að verja náttúrlega, menningarlega og vísindalega arfleifð. Safneign þeirra er mikilvægur arfur almennings, hefur sérstöðu í lögum og nýtur verndar alþjóðalaga. Í þessu hlutverki safna felst sá skilningur að þau fari í umboði almennings með eigin hans, varðveiti þær, skrái, geri þær aðgengilegar og sýni með ábyrgum hætti.

---

## AÐFÖNG SAFNA

### 2.1 Söfnunarstefna

Yfirstjórn hvers safns skal samþykkja og birta skjalfesta stefnu um aðföng, varðveislu og notkun safneignar. Í þessari stefnu skal skýra meðferð alls efnis sem ekki á að skrá, varðveita eða sýna. (Sjá 2.7; 2.8).

### 2.2 Lögmætt eignarhald

Söfn skyldu aldrei kaupa eða taka við að gjöf, að láni, í arf eða í skiptum hluti eða sýni sem ekki hefur verið gengið úr skugga um lögmætt eignarhald á. Staðfesting á eignarhaldi skv. lögum eins tiltekens lands er ekki endilega fullnægjandi staðfesting á lögmætu eignarhaldi.

### 2.3 Uppruni og áreiðanleikaskoðun (Due Diligence)

Áður en nokkuð, hvort sem er gripur eða sýni, er keypt til safnsins, móttakið að láni, í arf eða í skiptum, skal leita allra leiða til að tryggja að það hafi ekki verið ólöglega fengið í upprunalandinu eða flutt þaðan eða frá öðru landi þar sem það kann að hafa verið í eign lögmæts aðila (að heimalandi safnsins meðtöldu). Í ýtarlegri upprunaúttekt skal felast öll sagan frá fundi eða tilurð.

### 2.4 Gripir og sýni sem komin eru til vegna óheimilaðra eða óvísindalegra rannsókna

Söfn skulu ekki kaupa eða þiggja gripi ef rökstuddur grunur leikur á að þeirra hafi verið aflað við rannsóknir sem ekki voru fullnægjandi heimildir fyrir eða þar sem óvísindalegum

vinnubrögðum var beitt eða skemmdum eða eyðileggingu valdið viljandi á menningarminjum, fornleifauppgraftar- eða jarðfræðilega mikilvægum svæðum, dýrategundum eða náttúrulegu umhverfi dýra. Á sama hátt skal ekki kaupa eða þiggja gripi ef ekki hefur verið tilkynnt um fund þeirra til landeigenda, ábúenda eða hlutaðeigandi lögmætra yfirvalda.

### 2.5 Viðkvæmar menningarminjar

Söfn skyldu aðeins safna líkamsleifum eða munum með trúarlegt gildi ef hægt er að varðveita munina með öruggum hætti og sýna þeim tilhlyðilega virðingu. Það verður að gera í samræmi við faglega staðla og hagsmuni og átrúnað íbúa samfélagsins sem gripirnir eru upprunnir í, þjóðarbrotu eða trúflokka, ef um slíkt er vitað. (Sjá einnig 3.7; 4.3).

### 2.6 Líffræðileg og jarðfræðileg sýni sem njóta verndar

Söfn ættu ekki að kaupa eða taka við líffræðilegum eða jarðfræðilegum sýnum sem hafa verið tekin, seld eða farið á milli eigenda í trássi við lög á hverjum stað, í hverju landi, heimshluta eða við alþjóðalög eða þá sáttmála sem gilda um verndun villtra dýra eða náttúrunnar.

### 2.7 Lifandi safneign

Séu lifandi jurtir eða dýr hluti safneignar skal taka sérstakt tillit til þeirra náttúru- og félagslegu aðstæðna sem þau eru sprottin úr, sem og laga á hverjum stað, í hverju landi eða heimshluta eða alþjóðalaga og þeirra sáttmála sem gilda um verndun villtra dýra eða náttúrunnar.

## 2.8 Nýtilegir safngripir

Í söfnunarstefnu kann að vera gert sérstaklega ráð fyrir nýtilegum safngripum þar sem áhersla er á að varðveita menningarleg, vísindaleg eða tæknileg ferli frekar en hlutina sjálfa eða þar sem gripum eða sýnum er safnað saman til þess að nota reglulega svo sem til kennslu (Sjá einnig 2.1).

## 2.9 Aðföng sem ekki falla undir skilgreinda söfnunarstefnu

Einungis skal í undantekningartilfellum kaupa eða þiggja gripi eða sýni sem ekki falla undir skilgreinda söfnunarstefnu safnsins. Yfirstjórn skal þá taka tillit til þeirra faglegu ráðlegginga sem hún hefur aðgang að og til skoðana allra sem hlut eiga að máli. Þar skal meðal annars skoða mikilvægi gripanna og stöðu þeirra í menningarlegri og náttúrlegri arfleifð og gæta að sérhagsmunum annarra safna sem safna gripum af því tagi sem um ræðir. Hér skal þó sem endranær gæta þess að taka ekki við gripum sem ekki fæst staðfest lögmætt eignarhald á. (Sjá einnig 3.4).

## 2.10 Aðföng sem bjóðast frá fólki í yfirstjórn safns eða starfsfólki

Sérstök aðgát skal höfð þegar um er að ræða aðföng frá fólki sem situr í yfirstjórn safns, frá starfsfólki safns eða fjölskyldum þessa fólks eða öðrum því nátengdum, hvort sem er til sölu eða að gjöf, einnig gjöf til skattafrádráttar.

## 2.11 Geymsla sem neyðarúrræði

Ekkert ákvæði þessara siðareglna ætti að hindra safn í að gegna því hlutverki að geyma sem neyðarúrræði gripi eða

sýni sem ekki er fullnægjandi eigendasaga fyrir eða sem fundust eða safnað var á ólögmetan hátt á því svæði sem safnið ber lögboðna ábyrgð á.

## GRISJUN SAFNEINGAR

### 2.12 Lagavald og annað vald til að ráðstafa gripum úr safneign

Hafi safn lögum samkvæmt heimild til að ráðstafa gripum úr safneign, eða hafi veitt viðtöku gripum sem sérstök ákvæði hvíla á þar að lútandi, þá ber að fylgja í öllu lagalegum og öðrum skilyrðum þar um og viðeigandi verklagi. Ef ákvæði um ráðstöfun eða önnur höft hafa hvílt á grip þegar hann var fenginn til safnsins skal fylgja þeim nema sýnt verði fram á að það sé ógerlegt eða valdi stofnuninni verulegum skaða og má þá leita lögfræðilegra leiða ef við á til að komast undan ákvæðinu.

### 2.13 Að grisja safneign

Grip eða sýni skal þá aðeins færa úr safneign að fyrir liggir fullur skilningur á mikilvægi hlutarins, eðli hans (því hvort endurnýja megi hann eða ekki), lagalegri stöðu og því hvort slík ráðstöfun geti rýrt traust almennings á safninu.

### 2.14 Ábyrgð á grisjun safneignar

Ákvörðun um grisjun safneignar skal vera á ábyrgð yfirstjórnar í samráði við forstöðumann safnsins og þann aðila sem ber ábyrgð á þeim safngripum sem um ræðir. Sérstakt fyrirkomulag kann þó að eiga við um söfn gripa sem meðhöndlaðir eru eða hafðir í notkun (sjá 2.7; 2.8).

## 2.15 Ráðstöfun gripa eftir grisjun úr safneign

Hvert safn skal hafa fastmótaða stefnu um það með hvaða viðurkenndum hætti má fjarlægja hluti varanlega úr safninu sem gjöf, yfirfærslu, í skiptum, sölu, í skilum til upprunalegs eiganda eða með förgun, þ.e. með hverjum þeim hætti sem felur í sér löglegt afsal eignarhalds í hendur þeim sem við gripnum tekur. Slíkar ákvarðanir skal skrásetja nákvæmlega ásamt öllum upplýsingum um gripinn og hvað um hann varð. Almennt er þess eindregið vænst að gripur sem ráðstafa á úr safneign sé fyrst boðinn öðru safni.

## 2.16 Tekjur af grisjun úr safneign

Safnkostur safna er varðveittur þar í nafni og fyrir hönd almennings og ekki má líta á hann sem seljanlega eign til tekjuöflunar. Peningum eða öðrum greiðslum sem koma fyrir það sem fært er úr safneign með sölu skal einungis verja safninu sjálfu til góða og að öðru jöfnu til innkaupa safnkosts í safnið.

## 2.17 Kaup á því sem fært eru úr safneign

Starfsfólki safns og yfirstjórn, fjölskyldum þeirra og fólki þeim nátengdu er óheimilt að kaupa nokkuð úr safneign þeirrar stofnunar sem þau bera ábyrgð á.

## UMSJÓN SAFNGRIPA

### 2.18 Viðgangur safna

Safnið skal með stefnu sinni og starfi leitast við að tryggja að safneign þess (varanleg eða tímabundin) og allar upplýsingar sem að henni líta, skráðar með viðeigandi hætti, séu aðgengilegar til notkunar á hverjum tíma og verði skilað áfram til komandi kynslóða í eins góðu og öruggu ástandi og kostur er miðað við þá þekkingu og aðstöðu sem völ er á hverju sinni.

### 2.19 Verkaskipting ábyrgðar á safnkosti

Faglega ábyrgð á safnkosti skal fela fólki sem hefur til þess nauðsynlega þekkingu og færni eða er leiðbeint á fullnægjandi hátt. (Sjá einnig 8.11).

### 2.20 Heimildasöfnun um safnkost

Safneign skal skrá samkvæmt faglega viðurkenndum stöðlum. Í slíkri skráningu skal tilgreina og lýsa hverjum grip í safninu ýtarlega, skrá tengdar upplýsingar, uppruna, ástand, forvörslumeðferð og geymslustað. Slíkar upplýsingar skal geyma á öruggum stað og haga gagnagrunni þannig að upplýsingarnar séu aðgengilegar starfsmönnum safnsins og öðrum réttmætum notendum.

### 2.21 Varnir gegn hamförum

Þess skal gæta vandlega að móta stefnu um verndun safneignarinnar ef til vopnaðra átaka kemur eða meðan aðrar hamfarir ganga yfir, hvort sem er af mannavöldum eða náttúrunnar.

---

### **2.22 Öryggi safneignar og upplýsinga sem að henni líta**

Safnið skal tryggja að viðkvæmar persónuupplýsingar og skyldar upplýsingar eða önnur trúnaðarmál séu ekki afhjúpuð þegar gögn um safneignina eru gerð aðgengileg almenningi.

### **2.23 Fyrirbyggjandi forvarsla**

Fyrirbyggjandi forvarsla er mikilvægur liður í starfi safna og umsjón safneignar. Það er ein helsta skylda alls safnafólks að búa vel að safngripum í sinni vörslu og verja þá, hvort sem er við geymslu, á sýningum eða í flutningum.

### **2.24 Forvarsla og viðgerðir á safneign**

Safnið skal fylgjast vandlega með ástandi safngripa til að ákvarða hvenær gripur eða sýni gæti þarfnast forvörslu eða viðgerðar hjá menntuðum forverði. Meginmarkmiðið skal vera að koma í veg fyrir frekari hrörnun hlutarins eða sýnisins. Allt sem gert er til forvörslu skal skráð og eftir því sem tók eru á skal tryggja að forvarslan sé afturkræf. Allar breytingar sem gerðar eru á upprunalega hlutum skulu vera vel aðgreinanlegar.

### **2.25 Velferð lifandi dýra**

Safn sem heldur lifandi dýr tekur fulla ábyrgð á heilbrigði þeirra og líðan. Í slíku safni skal setja og halda öryggisreglur til verndar starfsfólki og gestum, sem og dýrunum. Þessar reglur skulu samþykktar af sérfræðingi í dýralækningum. Erfðabreytt dýr skal merkja sérstaklega.

### **2.26 Einkanotkun safneignar**

Hvorki starfsmönnum safns né yfirstjórn, fjölskyldum þeirra eða nátengdum né nokkrum öðrum skal heimilt að taka hluti úr safneign til einkanota, jafnvel þótt aðeins sé um stundarsakir.

---

### **3. SÖFN GEYMA FRUMGÖGNIN SEM ÞARF TIL AÐ GRUNDVALLA ÞEKkingu OG BÆTA HANA**

#### **GRUNNHUGSUN**

Söfn bera sérstakar skyldur gagnvart öllum til að varðveita, tryggja aðgang að og túlka þau frumgögn og -heimildir sem safnað hefur verið og geymd eru í safneign þeirra.

---

## FRUMGÖGN OG HEIMILDIR

### 3.1 Safneignir sem frumgögn

Í stefnumörkun safna skal greinilega geta mikilvægis safnkosts sem frumgagna. Stefna safnsins skal ekki einungis stjórnast af tískustraumum í kenningum menntamanna eða venjum í starfsemi safna á hverjum tíma.

### 3.2 Aðgengi að safneign

Söfn bera sérstaka ábyrgð á að gera safneign sína og upplýsingar sem að henni lúta eins aðgengilegar og hægt er, að teknu tilliti til trúnaðarskuldbindinga og öryggismála.

## SÖFNUN OG RANNSÓKNIR Á VEGUM SAFNA

### 3.3 Söfnun á vettvangi

Söfn sem standa að söfnun á vettvangi skulu móta stefnu í samræmi við akademískar kröfur, landslög, alþjóðalög og alþjóðasáttmála eftir því sem við á. Við vettvangsrannsóknir skal ávallt sýna nærgætni og virðingu gagnvart viðhorfum heimamanna, auðlindum þeirra og menningu, sem og gagnvart viðleitni til að bæta menningarlega og náttúrlega arfleifð.

### 3.4 Undantekningar við söfnun frumgagna og -heimilda

Í algjörum undantekningartilfellum kann gripur sem ekki fæst staðfestur uppruni á að geta bætt svo miklu við þekkingu okkar að það teljist almannahagsmunir að varðveita hann.

Þegar taka skal við slíkum gripum og bæta í safneign ber að kalla til ákvörðunar sérfræðinga í viðkomandi fagi og skal hún tekin án fordóma, þjóðlegra sem alþjóðlegra. (Sjá einnig 2.11).

### 3.5 Rannsóknir

Rannsóknir starfsmanna skulu tengjast hlutverki og stefnu safnsins og samræmast lögum og viðteknum siðareglum og akademísku vinnulagi.

### 3.6 Eyðilegging sýna vegna rannsókna

Þegar beitt er greiningaraðferðum sem eyða sýni úr rannsóknarefni skal halda nákvæma skrá um efnið sem greint er, niðurstöður greininganna og þær rannsóknir sem gerðar eru í framhaldi af þeim, að útgefnu efni meðtöldu, og skal hún fylgja skráningargögnum gripsins upp frá því.

### 3.7 Líkamsleifar og munir með trúarlegt gildi

Rannsóknir á líkamsleifum og munum með trúarlegt gildi verður að framkvæma þannig að þær standist faglegar kröfur og taka verður tillit til hagsmuna og átrúnaðar samfélagsins, þjóðarbrotu eða trúflokka sem rannsóknarefnið er upprunið úr, ef um slíkt er vitað. (Sjá einnig 2.5; 4.3).

### 3.8 Rannsóknir og réttthafar rannsóknargagna

Þegar starfsmenn safns búa efni til kynningar, sýningar eða til að skrásetja rannsóknir á vettvangi skal liggja fyrir afráttarlaust samkomulag við safnið sem styrkir framkvæmdina um allan rétt á efninu.

---

### **3.9 Miðlun sérþekkingar**

Öllum í hópi safnafólks ber skylda til að miðla þekkingu sinni og reynslu til kollega, fræðimanna og nemenda á viðkomandi sviði. Þeim ber að virða og geta þeirra sem þeir sjálfir hafa lært af og skulu miðla eigin reynslu og þeim nýjungum og framförum í tækni sem geta komið öðrum að gagni.

### **3.10 Samstarf milli safna og annarra stofnana**

Starfsfólk safna skal viðurkenna og halda á lofti nauðsyn þess að eiga samstarf og samráð milli stofnana sem hafa sameiginleg svið og söfnunarstefnu. Þetta á sér í lagi við um æðri menntastofnanir og ýmsar opinberar stofnanir þar sem rannsóknnum kann að fylgja umfangsmikil söfnun efnis sem ekki er tryggð umsjón með til frambúðar.





---

## **4. SÖFN SKAPA TÆKIFÆRI TIL ÞESS AÐ AUKA VIRÐINGU FYRIR OG SKILNING Á NÁTTÚRU- OG MENNINGARARFLEIFÐ OG STJÓRNUN HENNA**

### **GRUNNHUGSUN**

Söfnum ber sérstaklega skylda til að rækta menntunarhlutverkið í starfi sínu og laða til sín fjölbreytta safngesti úr því samfélagi, héraði eða samfélagshóp sem hvert safn þjónar. Samskipti við þetta samfélag og ræktarsemi við arfleifð þess er samofið menntunarhlutverki hvers safns.

---

## MIDLUN OG SÝNINGAR

### 4.1 Fastasýningar, sérsýningar og sérstakir viðburðir

Sýningar, hvort sem er efnislegar eða rafrænar, skulu vera í samræmi við yfirlýst markmið, stefnu og tilgang safnsins. Þær skulu aldrei stofna í hættu gæðum safneignarinnar, viðeigandi umsjón hennar eða varðveislu.

### 4.2 Tulkun sýninga

Söfnum ber að tryggja að þær upplýsingar sem þau birta á sýningum séu á rökum reistar, réttar og nákvæmar, og taki viðeigandi tillit til allra hópa og alls átrúnaðar sem hlut geta átt að máli.

### 4.3 Sýning viðkvæmra muna

Líkamsleifar og muni með trúarlegt gildi verður að sýna þannig að samrýmist faglegum kröfum og að þegar um slíkt er vitað sé tekið fullt tillit til hagsmuna og átrúnaðar þess samfélags, þjóðarbrotar eða trúfélaga sem gripirnir eru sprotnir úr. Gæta verður sérstakrar háttvísi þegar slíkir gripir eru sýndir og virðingar fyrir mannlegri reisn fólks af öllum þjóðum.

### 4.4 Gripir fjarlægðir af sýningu

Þegar beiðni um að fjarlægja líkamsleifar eða muni með trúarlegt gildi af sýningu berst frá því samfélagi sem gripirnir eru upprunnir í skal fjalla um hana án tafar og af virðingu og nærgætni. Beiðni um að slíkum gripum verði skilað skal fjalla

um á sama hátt. Í stefnu safnsins skal kveða skýrt á um hvernig svara skuli beiðnum af þessu tagi.

### 4.5 Sýningar á gripum sem ekki er upprunavottun fyrir

Söfn skulu forðast að sýna eða nýta á annan hátt sýningar-efni ef vafi leikur á um uppruna þess eða eigendasögu vantar. Hafa skal í huga að slíkar sýningar eða aðra notkun má túlka svo að í felist þátttaka í ólöglegri verslun með menningarverðmæti og hún látin viðgangast.

## ÖNNUR MIDLUN

### 4.6 Útgáfa

Upplýsingar sem gefnar eru út af söfnum, með hvaða hætti sem vera kann, skulu vera á rökum reistar, ýtarlegar og réttar, og taka ábyrgt tillit til akademískra fræðigreina, samfélaga og trúaratriða sem kynnt eru. Við útgáfu á vegum safnsins skal hvergi draga úr þeim faglegu viðmiðum sem stofnunin byggir á.

### 4.7 Endurgerðir

Söfnum ber að virða heilleika frummyndarinnar við gerð eftirmynda, eftirprentana eða afrita af hlutum úr safneign. Allar slíkar eftirmyndir skal merkja óafmáanlega sem eftirgerðir.

---

## **5. SÖFN VARÐVEITA AUÐLINDIR SEM SKAPA TÆKIFÆRI TIL ANNARRAR ÞJÓNUSTU OG GAGNSEMI FYRIR ALMENNING**

### **GRUNNHUGSUN**

Söfn nýta sérfræðilekkingu á ýmsum sviðum, færni, efni og tæki sem nota má miklu víðar en í söfnum. Þetta getur leitt til þess að samnýting auðlinda eða sala á þjónustu bætist við aðra starfsemi safna. Slíka starfsemi skal skipuleggja þannig að hún stangist aldrei á við yfirlýst hlutverk safnsins.

---

## GREINING

### 5.1 Greining ólöglega fenginna gripa

Þar sem söfn bjóða þjónustu við greiningu gripa skulu þau í engu koma fram á þann veg að virst gæti að söfnin nytu góðs af, beint eða óbeint. Ekki skal segja opinberlega frá greiningu og upprunaprófun gripa, sem grunur leikur á að hafi verið aflað með ólöglegum hætti, yfirfærðir eða fluttir milli landa, fyrr en viðeigandi yfirvöldum hefur verið gert viðvart.

### 5.2 Upprunaprófun og mat (verðmætamat)

Verðmætamat má aðeins gera ef tryggja á hluti í safneign. Mat á verðmæti annarra gripa skal einungis gefa berist um það formleg beiðni frá öðru safni eða frá öðrum lögbærum aðilum, ríkisvaldi eða opinberu yfirvaldi. Ef safnið sjálft kann að njóta góðs af niðurstöðu mats á safngrip skal leita til sjálfstæðra matsaðila.

---

## **6. SÖFN EIGA NÁIÐ SAMSTARF VIÐ SAMFÉLAGIÐ SEM SAFEIGN ÞEIRRA ER SPROTTIN ÚR OG VIÐ SAMFÉLAGIÐ SEM ÞAU SJÁLF ÞJÓNA**

### **GRUNNHUGSUN**

Í safneignum endurspeglast menningar- og náttúruarfleifð þeirra samfélaga sem þær eru spröttar úr. Þannig eru safngripir öðruvísi en önnur almenn verðmæti og kunna að tengjast náið þjóðernishugmyndum, ímynd héraðs eða ákveðins staðar, menningu þjóðarbrotta eða sjálfsmyndum byggðum á trúarbrögðum eða stjórnmálahugmyndum. Því er mikilvægt að safnastefna taki mið af þessari sérstöðu.

---

## UPPRUNI SAFNEIGNAR

### 6.1 Samstarf

Söfn skulu stuðla að miðlun þekkingar, gagna og safneignar til safna og menningarstofnana í upprunalöndum og -samfélögum. Kanna ætti hvort hægt er að koma á samstarfi við söfn í löndum eða á svæðum þar sem mikill hluti menningararfleifarinnar hefur farið forgörðum.

### 6.2 Menningarverðmætum skilað

Söfn ættu að vera reiðubúin til að eiga frumkvæði að viðræðum um skil á menningarverðmætum til þess lands eða samfélags sem þau eru sprottin úr. Slíkar viðræður skulu fara fram á óhlutrægan hátt, byggja á vísindalegum og faglegum grunni jafnt sem mannúðarsjónarmiðum og vera í samræmi við viðeigandi löggjöf hvers staðar eða lands og alþjóðalög, fremur en að málið sé tekið fyrir hjá ríkisvaldinu eða afgreitt á pólitískum grundvelli.

### 6.3 Endurheimt menningarverðmæta

Þegar upprunaland eða þjóð óskar þess að skilað sé grip eða sýni sem sannanlega hefur verið flutt úr landi eða á annan hátt yfirfært í trássi við reglur og samþykktir í landinu eða milli þjóða – og sé þá jafnframt sýnt fram á að gripurinn sé hluti af náttúru- eða menningararfleifð viðkomandi lands eða þjóðar – skal safnið sem í hlut á tafarlaust gera ábyrgar ráðstafanir til að eiga samvinnu um skil á gripunum, séu ekki á því neinir lagalegir anmarkar.

### 6.4 Menningarminjar frá herteknum löndum

Söfn skulu forðast að kaupa eða þiggja menningarminjar frá herteknum svæðum og virða í öllu lög og samþykktir sem gilda um innflutning, útflutning og yfirfærslu eignarhalds á menningarlegum og náttúrlegum munum.

## VIRÐING FYRIR ÞVÍ SAMFÉLAGI SEM SAFNIÐ ÞJÓNAR

### 6.5 Samtímasamfélög

Þar sem starfsemi safns tekur til samtímasamfélags eða arfleifðar þess skulu aðföng háð upplýstu og gagnkvæmu samþykki og þeirra aflað án þess að hallað sé á nokkurn hátt á eigandann eða þá sem upplýsingar veita. Framar öllu skal virða óskir þess samfélags sem í hlut á.

### 6.6 Fjármögnun fyrir samfélagslega starfsemi

Þegar leitað er eftir fjármagni fyrir starfsemi sem tengist samtímasamfélögum skal gæta þess að skaða hvergi hagsmuni þeirra sjálfra. (Sjá 1.10).

### 6.7 Notkun safnkosts frá samtímasamfélögum

Notkun safnkosts frá samtímasamfélögum krefst virðingar fyrir mannlegri reisn, hefðum og menningu þeirra samfélaga sem hann kemur úr. Slíkan safnkost skal nota til að stuðla að velferð fólks, þróun samfélagsins, umburðarlyndi og virðingu með því að styðja fjölmenningarlega, félagslega og fjölytyngda tjáningu. (Sjá 4.3).

---

### **6.8 Stuðningur við samtök í samfélaginu**

Söfn skulu skapa aðstöðu sem hvetur til stuðnings frá samfélaginu (til dæmis með vinafélögum safna eða annars konar stuðningsfélögum), viðurkenna framlag slíkra aðila og stuðla að hnökralausu samstarfi milli fólks úr samfélaginu og starfsfólks safnsins.





---

## 7. SÖFN FARA AÐ LÖGUM

### **GRUNNHUGSUN**

Söfn verða að fylgja í einu og öllu þeim lögum sem við eiga – alþjóðalögum, landslögum, reglugerðum sveitarfélaga og ákvæðum milliríkjasamþykktu.

Þá skal safnstjórn virða allar þær laga-  
kvaðir sem kunna að hvíla á safninu,  
safneign þess eða starfseminni.

---

## LAGARAMMI

### 7.1 Landslög og reglugerðir

Söfn skulu fara að öllum landslögum og reglugerðum sveitarfélaga og virða lög annarra ríkja er varða starfsemi safnanna.

### 7.2 Alþjóðalög og samningar

Í stefnu hvers safns skal taka mið af eftirfarandi alþjóðasamningum sem eru sá staðall er beita skal við túlkun á *Síðareglum ICOM fyrir söfn*:

- Sáttmáli um verndun menningarverðmæta í vopnuðum átökum (Haag-sáttmálinn) *Convention for the Protection of Cultural Property in the Event of Armed Conflict* ("The Hague Convention", First Protocol, 1954 and Second Protocol, 1999).
- Samningur um leiðir til að banna og hindra ólögsmætan innflutning, útflutning og yfirfærslu eignarhalds á menningarverðmætum. *Convention on the Means of Prohibiting and Preventing the Illicit Import, Export and Transfer of Ownership of Cultural Property* (UNESCO, 1970).
- Samningur um alþjóðaverslun með tegundir í útrýmingarhættu. *Convention on International Trade in Endangered Species of Wild Fauna and Flora* (Washington, 1973).
- Samningur um líffræðilega fjölbreytni. *Convention on Biological Diversity* (UN,1992).
- Samningur um rán og ólöglegan útflutning á menningarmunum. *Convention on Stolen and Illicitly Exported Cultural Objects* (UNIDROIT, 1995).
- Samningur um verndun menningararfða neðansjávar. *Convention on the protection of the Underwater Cultural Heritage* (UNESCO, 2001).
- Samningur um varðveislu menningararfða. *Convention for the Safeguarding of the Intangible Cultural Heritage* (UNESCO, 2003).

---

## 8. SÖFN STARFA Á FAGLEGAN HÁTT

### GRUNNHUGSUN

Starfsfólk safna skal virða viðtekna staðla og lög og halda á lofti virðingu og heiðri starfsins. Því ber að verja almenning gegn ólöglegri framgöngu í starfi sem og framferði sem ekki samræmist faglegri siðfræði. Hvert tækifæri skal nýtt til að upplýsa og mennta almenning um markmið, tilgang og metnað starfsstéttarinnar til að stuðla að auknum skilningi almennings á framlagi safna til samfélagsins.

---

## FAGLEG VINNUBRÖÐ

### 8.1 Þekking á viðeigandi lögum

Sérhver starfsmaður safns skal kunna skil á þeim lögum sem varða starf hans, hvort sem er alþjóðalögum, landslögum eða reglugerðum sveitarfélaga. Starfsmönnum ber að forðast allt það sem túlka mætti sem ótilhlýðilega hegðun.

### 8.2 Fagleg ábyrgð

Starfsfólki safna ber skylda til að fara eftir stefnu og reglum þess safns sem það starfar við. Þó skal því heimilt að gera réttmætar athugasemdir við það sem telja má skaða safnið eða starfsstéttina eða brjóta í bága við siðareglur stéttarinnar.

### 8.3 Fagleg hegðun

Tryggð við starfsfélaga og safnið sem starfað er við er mikilvægur hluti faglegrar ábyrgðar og skal byggja á þeim siðrænu grundvallarreglum sem eiga við um stéttina alla. Hér skal fylgja ákvæðum siðareglna ICOM fyrir söfn og taka tillit til annarra reglna eða stefnumiða sem lúta að safnastarfi.

### 8.4 Akademísk og vísindaleg ábyrgð

Starfsfólki safna ber að styðja rannsóknir, varðveislu og notkun á þeim upplýsingum sem búa í safneigninni. Því ber að forðast að gera nokkuð sem valdið gæti því að slíkar akademískar og vísindalegar upplýsingar glatist.

### 8.5 Svarti markaðurinn

Starfsfólk safna skyldi ekki styðja ólöglega verslun með náttúrleg eða menningarleg verðmæti, hvorki beint né óbeint.

### 8.6 Trúnaðarskylda

Fagfólki í söfnum ber að vernda trúnaðarupplýsingar sem það hefur aflað í starfi sínu. Ennfremur eru upplýsingar um hluti, sem komið er með til safnsins til greiningar, trúnaðarmál og má ekki gera slíkar upplýsingar opinberar eða miðla til annarra stofnana eða einstaklinga án sérstaks samþykkis eigandans.

### 8.7 Öryggi safns og safneignar

Starfsmenn safns skulu fara með allar upplýsingar um öryggisráðstafanir safnsins eða einkasafna og allra staða sem þeir kunna að skoða í starfi sínu sem algert trúnaðarmál.

### 8.8 Undantekning frá trúnaðarskyldunni

Trúnaður skal þó taka tillit til lögbundinnar skyldu hvers og eins til að aðstoða lögreglu og önnur til þess bær yfirvöld við eftirgrennsan um stolna eða ólöglega fengna hluti og ólöglega tilfærslu á eignarhaldi.

### 8.9 Persónulegt sjálfstæði

Starfsmenn safna eiga rétt á nokkru sjálfstæði en þó ber þeim að gera sér grein fyrir því að engin einkaviðskipti þeirra eða starfstengdir hagsmunir verða að fullu aðgreindir frá stofnuninni sem þeir eru ráðnir hjá.

### 8.10 Samband fagaðila

Í starfi sínu mynda safnmenn samband við ýmsa sem starfa á sama safni eða utan þess. Þess er vænst að þeir sinni faglegri þjónustu við aðra á skilvirkan hátt og af metnaði.

### 8.11 Fagleg ráðgjöf

Til faglegrar ábyrgðar safnmanna heyrir að ráðfæra sig við samstarfsmenn innan safnsins eða utan þess ef sérfræðikunnátta er ekki fyrir hendi innan þess til að tryggja ákvarðanatöku við hæfi.

## HAGSMUNAÁREKSTRAR

### 8.12 Gjafir, greiðar, lán og annar persónulegur ávinningur

Starfsfólk safna má ekki taka við gjöfum eða þiggja greiða, lán eða annars konar ávinning sem því kann að bjóðast og tengjast skyldum þess við safnið. Stöku sinnum er eðlilegt að gefa eða þiggja gjafir sem kurteisissvott en það ætti ávallt að gera í nafni safnsins.

### 8.13. Störf utan safnsins eða viðskiptahagsmunir

Þótt starfsmenn safna eigi rétt á nokkru sjálfstæði ber þeim að gera sér grein fyrir því að engin einkaviðskipti þeirra eða starfstengdir hagsmunir verða að fullu aðgreindir frá stofnuninni sem þeir eru ráðnir til. Þeir skyldu ekki taka að sér önnur launuð störf eða utanaðkomandi verkefni sem stangast á við hagsmuni safnsins eða gætu virst gera það.

### 8.14 Viðskipti með náttúrlega eða menningarlega arfleifð

Starfsfólk safna skyldi ekki taka beinan eða óbeinan þátt í viðskiptum (kaupum eða sölu í ágóðaskyni) með náttúrlega eða menningarlega arfleifð.

### 8.15 Samskipti við söluaðila

Starfsfólk safna skyldi ekki þiggja gjafir, boð eða aðra umbun frá söluaðila, uppboðshaldara eða nokkrum öðrum ef það er hvatning til þess að kaupa eða ráðstafa safngripum eða til að hafa áhrif á ákvarðanatöku eða aðgerðir. Ennfremur skyldi starfsfólk safna ekki mæla með neinum sérstökum söluaðila, uppboðshaldara eða matsmanni við almenning.

### 8.16 Einkasöfnun

Starfsfólk safna skyldi ekki keppa við safnið sem það vinnur hjá um að eignast gripi eða í nokkru því sem lýtur að söfnun þess sjálfs. Um einkasöfnun starfsmanns skal gera sérstakt samkomulag milli hans og safnstjórnar og því skal fylgja í hvívetna.

### 8.17 Notkun nafns og merkis ICOM

Fullt nafn samtakanna, hánefnið ICOM og merki þeirra má ekki nota til að kynna eða styðja nokkuð það sem sem gert er í gróðaskyni.

### 8.18 Aðrir hagsmunaárekstrar

Ef kemur til annars konar árekstra þar sem hagsmunir einstaklings og safnsins stangast á skulu hagsmunir safnsins vega þyngra.



# ORÐSKÝRINGAR / SKILGREININGAR

## Skoðun og mat (Appraisal)

Staðfesting á uppruna gripis eða sýnis og mat á verðmæti þess. Í sumum löndum er hér átt við óháð mat á grip sem gefa á til safns í þeim tilgangi að sækja um skattaundanþágur.

## Hagsmunaárekstur (Conflict of interest)

Það að einhver eigi að gæta einkahagsmuna sem stangast á við reglur sem ber að virða í starfi og skerða þannig, eða virðast skerða, hlutleysi við ákvarðanatöku.

## Forvörður (Conservator-Restorer)

Starfsmaður safns eða sjálfstætt starfandi aðili sem sérhæfur er til að taka að sér tæknilega rannsókn, varðveislu, forvörslu eða viðgerðir á menningarverðmætum. (Sjá nánar: *ICOM News*, 39 (1), bls. 5-6 (1986).

## Menningararfleifð (Cultural Heritage)

Hver sá hlutur eða hugtak sem þykir hafa fagurfræðilegt, sögulegt, vísindalegt eða andlegt gildi.

## Viðskipti (Dealing)

Að kaupa eða selja muni til ágóða fyrir einstakling eða stofnun.

## Áreiðaleikaskoðun (Due diligence)

Sú krafa að reynt sé til hlítar að komast að hinu sanna í hverju máli áður en ákvörðun er tekin um aðgerðir, sér í lagi hvað það varðar að sannreyna uppruna og eigendasögu hlutar sem boðinn er til kaups eða afnota áður en gengið er að boðinu.

## Yfirstjórn (Governing Body)

Einstaklingar eða stofnanir sem samkvæmt samþykktum eða lögum safns bera ábyrgð á viðgangi þess, stefnumótun og fjármögnun.

## Fjáröflun (Income-generating activities)

Allt sem miðar að því að skapa tekjur eða hagnað fyrir stofnunina.

## Löglegt eignarhald (Legal title)

Lagalegur eignarréttur í hverju landi. Í sumum löndum kann þessi eignarréttur að vera áskilinn og nægir þá ekki til að uppfylla kröfur um áreiðanleikaskoðun.

## Lágmarksstaðall (Minimum Standard)

Sá staðall sem eðlilegt er að öll söfn og allt safnafólk leitist við að uppfylla. Sum lönd hafa sett fram sínar eigin ályktanir um lágmarksstaðla.

## Safn (Museum) \*

Safn er stofnun með fastan rekstur sem ekki er rekin í ágóðaskyni heldur til þjónustu við samfélagið og til framgangs þess, er opin almenningi og safnar, varðveitir, rannsakar, miðlar og sýnir – til skoðunar, menntunarauka eða ánægju – það sem til vitnis er um fólk og umhverfi þess, bæði áþreifanlegt og óáþreifanlegt.



### **Safnafólk (Museum professional) \***

Til safnafólks teljast starfsmenn safna og stofnana sem skilgreindar eru í grein 2, mgr. 1 og 2 í samþykktum ICOM, bæði launaðir og ólaunaðir, svo fremi þeir hafi hlotið sérstaka þjálfun eða hafi til að bera samsvarandi reynslu á einhverju því sviði sem varðar starfsemi, stjórnun og rekstur safns. Til safnafólks teljast einnig sjálfstæðir einstaklingar sem virða siðareglur ICOM fyrir söfn og starfa fyrir söfn eða stofnanir sem svo eru skilgreindar í lögnum sem vísað er í að framan, en þó ekki þeir einstaklingar sem kynna eða selja vörur eða tækni sem nota þarf í söfnum og við safnaþjónustu.

### **Náttúruarfleifð (Natural Heritage)**

Hver sá náttúrlegur hlutur, fyrirbæri eða hugtak sem telst hafa vísindalegt gildi eða fela í sér andlegan eða trúarlegan vitnisburð.

### **Stofnanir sem ekki eru reknar í hagsmunaskyni (Non-profit organisation)**

Sagt er að lögaðili, hvernig sem eignarhaldi hans sé hátt að, sé ekki rekinn í hagsmunaskyni ef allar tekjur hans (að meðtöldum öllum tekjuafgangi eða hagnaði) renna óskiptar í stofnunina og rekstur hennar. Hugtakið „án ágóða“ hefur sömu merkingu.

### **Upprunasaga (Provenance)**

Samfelld eigendasaga hlutar frá því hann fannst eða var búinn til fram til dagsins í dag. Við hana er stuðst til að ákvarða uppruna hlutarins og eignarhald.

### **Lögmætt eignarhald (Valid title)**

Óumdeilanlegur eignarréttur sem styðst við tæmandi upprunasögu hlutar frá því hann fannst eða var búinn til.

*\* Það skal athugað að skilgreiningar á „söfnum“ og „safnafólki“ eru hér settar fram til bráðabirgða og til nota til túlkunar á siðareglum ICOM fyrir söfn. Skilgreiningarnar á „safni“ og „faglegu starfsfólki safna“ sem sem notaðar eru í samþykktum ICOM eru í gildi þar til endurskoðun þeirra verður lokið. ICOM, Alþjóðaráð safna (International Council of Museums) eru alþjóðleg samtök stofnuð árið 1946. Í samtökunum eru söfn og faglegt starfsfólk safna og hlutverk þeirra er að efla og vernda náttúrlega og menningarlega arfleifð í nútíð og framtíð, áþreifanlega sem óáþreifanlega. ICOM eru einstakt tengslanet fagmanna í safnastarfi, með yfir 30.000 meðlimi í 136 löndum, sem starfar á víðu sviði greina sem lúta að söfnum og arfleifð mannkyns.*

### **Í forystu aðgerða á heimsvísu**

ICOM heldur uppi formlegum tengslum við UNESCO og hefur ráðgjafastöðu innan Efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna. Ennfremur starfa samtökin með stofnunum svo sem Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO), INTERPOL og Tollasamvinnuráðinu (WCO) við það að uppfylla skyldur sínar í almannaðjónustu, en til þeirra heyrir meðal annars að berjast gegn ólöglegum viðskiptum með menningarverðmæti, efla áhættustjórnun og neyðarviðbúnað til verndar menningararfleifðar heimsins ef kemur til náttúruhamfara eða hamfara af mannavöldum.

---

### Til íhugunar

Innan ICOM starfar 31 alþjóðleg nefnd á fjölbreytilegum sérsviðum safnastarfs og sinnir vönduðum rannsóknum hver á sínu sviði til góða fyrir safnasamfélagið í heild. Með nefndum þessum er stöðum rennt undir skuldbindingu samtakanna við eflingu menningar og þekkingar. ICOM hefur tök á að kalla til á heimsvísu sérfræðinga í menningararfleifð mannkyns til að verða við þeim áskorunum sem söfn um heim allan standa frammi fyrir.

Íslandsdeild ICOM var stofnuð árið 1985 með það að markmiði að efla faglegt safnastarf á Íslandi og auka samskipti fagfólks safna hér á landi við starfsfélaga víða um heim. Þáttur í þeirri viðleitni var útgáfa samþykktar og siðareglna ICOM á íslensku árið 1997 og endurskoðuð útgáfa af siðareglunum frá árinu 2004, sem kom út árið 2006. Vorið 2015 gaf Íslandsdeild ICOM út námskeiðsefni um siðareglurnar fyrir sína félagsmenn sem byggð var á vinnubæklingi landsdeildar ICOM í Svíþjóð frá 2013.



